

Nd. **178. Frumvarp til laga** [125. mál]
um breyting á lögum nr. 85 31. desember 1968 um eiturfni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eiturfni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II yfir eiturfni svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturfnefnafndar (sbr. 2. gr.).

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V yfir hættuleg efni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur,

er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanevndar (sbr. 2. gr.).

2. gr.

2. grein 2. málsg. laganna orðist svo:

Eiturefnanevnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Ráðherra staðfestir listana með reglugerð. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnanevnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsg.).

3. gr.

2. grein 3. málsg. laganna orðist svo:

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem landbúnaðarráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

4. gr.

Viðaukar I og II við löginn falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. des. 1968 voru afgreidd sem lög frá Alþingi fengu viðaukar I og II (listar I—V yfir eiturefni og hættuleg efni) lagagildi og yrði því að fara með breytingar og viðbætur á þeim sem um laga-breytingar væri að ræða. Ætlun var hins vegar að birta slíkar breytingar og viðbætur með reglugerð að fengnum tillögum eiturefnanevndar.

Nú liggja fyrir tvær tillögur um breytingar og viðbætur á greindum listum yfir eiturefni og hættuleg efni.

Annars vegar er tillaga eiturefnanevndar um að flytja metanól (tréspiritus) af lista IV A og á lista II þannig að óheimilt verði að selja metanól nema gegn eiturbeiðnum eða sérstökum leyfum.

Hins vegar er tillaga um að bæta hexaklórófeni á lista III yfir hættuleg efni og í framhaldi af því setja nánari reglur um notkun og bann við notkun efnisins í fegrunar- og snyrtivörum á grundvelli 16. greinar laganna.

Brýna nauðsyn ber því til að breyta 1. og 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni á þann veg, að framvegis megi breyta greindum listum og bæta við þá með setningu reglugerða og bregða þannig skjótar við í sérhverju tilviki.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Nauðsyn ber til, að viðaukar og breytingar á listum yfir eiturefni og hættuleg efni séu ekki háð lagabreytingum. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að skráning eiturefna og hættulegra efna sé staðfest með reglugerð að fengnum tillögum eiturefnanevndar.

Um 3. gr.

Málgreinin er óbreytt að öðru leyti en því að landbúnaðarráðuneytið kemur í stað atvinnumálaráðuneytisins.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.